

Mótþróaþrjóscuröskun (MÞR) og hegðunarröskun (HR)

Öll börn eru einhvern tíma óþekk. Allir foreldrar þekkja það að börn þeirra séu frek, geri ýmis prakkarastrik, stríði öðrum börnum og fái stöku sinnum reiðiköst. Færri foreldrar kannast hins vegar við að börn þeirra steli, strjúki að heiman, kveiki í eða píni viljandi dýr eða önnur börn. Þegar hegðun barns einkennist yfir höfuð af því að hlýða ekki, gera þveröfugt við það sem því er sagt að gera, sýna mikinn mótþróa og vera mjög neikvætt væri hægt að segja það vera með **mótþróaþrjóscuröskun**. Erfitt getur verið að greina MÞR frá mikilli óþekkt en til þess þarf sérfræðing á sviði geðraskana barna og unglunga. Almenn greiningarviðmið eru þau að daglegt líf barns einkennist af neikvæðu hegðun þess og að ástandið hafi varað í töluverðan tíma (a.m.k. 6 mánuði).

Hegðunarröskun er alvarlegri röskun en MÞR í þeim skilningi að „óþekktin“ er orðin mun alvarlegri. Barn með HR virðir hvorki rétt annarra né reglur og gildi samfélagsins og brýtur þau iðulega. Sem dæmi um algenga hegðun hjá börnum með HR má nefna að þau stela, eyðileggja eigur annarra, beita ofbeldi, ljúga og blekkja í miklum mæli.

Helstu einkenni mótþróaþrjóscuröskunar

- Missir oft stjórn á skapi sínu
- Rífst oft við fullorðna
- Reynir oft að ögra fullorðnum eða neitar að hlýða bónum og/eða reglum
- Reynir oft að angra eða pirra fólk
- Kennir öðrum oft um eigin mistök
- Er oft uppstökk(ur) og lætur aðra auðveldlega angra eða pirra sig
- Er oft reið(ur) og gramur/gröm
- Er oft hefnigjarn(-gjörn)

Helstu einkenni hegðunarröskunar skiptist í fjóra flokka:

1) Ofbeldishegðun í garð manna og dýra

- Hrekkir, hótar eða ógnar oft öðrum
- Á oft frumkvæði að slagsmálum
- Hefur notað vopn sem getur valdið alvarlegum áverkum (t.d. kylfu, brotna flösku, hníf eða byssu)
- Hefur beitt fólki ofbeldi
- Hefur beitt dýr ofbeldi
- Hefur stolið augliti til auglits við þolanda (t.d. stolið veskjum af fólki eða framið vopnað rán)
- Hefur neytt einhvern til kynferðislegra athafna

2) Skemmdarverk á eignum

- Hefur viljandi kveikt í með þeim tilgangi að valda skemmdum
- Hefur viljandi eyðilagt eigur annarra (með öðrum leiðum en íkveikju)

3) Svik eða þjófnaður

- Hefur brotist inn í hús eða bíla
- Lýgur oft til að öðlast eitthvað eða koma sér undan skyldum
- Hefur stolið smærri hlutum án þess að standa augliti til auglits við þolanda (t.d. búðarhnúpl).

4) Alvarleg brot á reglum

- Er oft úti á kvöldin þrátt fyrir að mega það ekki (byrjað fyrir 13 ára aldur)
- Hefur a.m.k. tvisvar strokið frá heimili sínu og dvalið frá því heila nótt (eða einu sinni og verið í burtu til lengri tíma)
- Er oft fjarverandi frá skóla (byrjað fyrir 13 ára aldur)

Líkt og með einkenni í MPR sýna mörg börn einhver einkenni HR einhvern tíma á ævinni. Þá ber að hafa hugfast að til að barn greinist með HR þarf töluverður fjöldi einkenna að vera til staðar í nokkurn tíma. Þótt barn sé staðið að búðarhnupli tvisvar með skömmu millibili þýðir það ekki að barnið sé með HR. Aðrar ástæður gætu legið að baki eins og slæmur félagsskapur. Það er ekki fyrr en slík hegðun er orðin langvarandi og endurtekin að foreldrar þurfa að hafa áhyggjur af því hvort barn þeirra sé með HR.

Tíðni greininga

Flestar rannsóknir gefa til kynna að á bilinu 4-10% barna séu með HR og MPR, en fleiri börn greinast með MPR en HR. Mun fleiri drengir en stúlkur greinast með HR og MPR eða þrír drengir á móti hverri stúlku. Nokkuð dregur úr kynjamun þegar komið er á unglingsár. Í HR eru einkenni breytileg eftir kyni, hnupl og þjófnaður er mun algengari hjá drengjum en hjá stúlkum er algengara að einkenni tengist kynlífshegðun. Algengi HR er breytilegt með aldri þar sem tilfellum fjölgar með aldrinum.

Í sumum tilfellum eru einstaklingar með aðrar raskanir samhliða MPR og HR, til að mynda;

- ADHD
- Kvíðaröskun
- Þunglyndi
- Námsörðugleikar
- Áfengis- og fíkniefnavandamál

Hvaða meðferð er hægt að beita?

Margs konar meðferð hefur verið beitt við MPR og HR og verður hér tæpt á þeim helstu og fjallað um gagnsemi þeirra. Þar sem svipaðar meðferðir gagnast við hvoru tveggja nægir að fjalla sameiginlega um þær.

- **Þjálfun fyrir foreldra (*Parent Management Training*)**
Foreldrum eru kenndar aðferðir sem hjálpa til við að stjórna hegðun barns eins og að hrósa því fyrir góða hegðun og gæta þess að styrkja ekki slæma hegðun. Þá eru þeim einnig kenndar aðferðir við að hafa samskipti við börn sín á þann hátt að félagsleg hæfni barnsins aukist. Þessar aðferðir duga helst þegar um yngri börn (8 ára og yngri) er að ræða og hegðunarvandkvæði eru ekki mjög alvarleg.
- **Hugræn atferlismeðferð (*cognitive behavior therapy*)**
Börn með MPR eða HR misskilja oft félagslegar aðstæður á þann hátt að það sé verið að gera eitthvað á þeirra hlut. Þessi rangtúlkun leiðir oft til árásargirni og vandamála tengdu því eins og félagslegri höfnun. Börnum er kennt að túlka félagslegar aðstæður rétt, finna réttar lausnir á vandamáli í daglegu lífi og meta afleiðingar af þeim lausnum.
- **Fjölskyldumeðferð (*Family System Interventions*)**



SUÐURNESJABÆR

Ýmsar tegundir eru til af fjölskyldumeðferðum. Öll fjölskyldan tekur þátt í meðferðinni og eru þær oft nokkur blanda af foreldraþjálfun og hugrænni atferlismeðferð. Reynt er að sníða meðferðina að unglingsnum og hvernig sé best að eiga við hann.

Batahorfur

Batahorfur fara eftir ýmsu, eins og hvenær vandamálið kom til sögunnar, fjölskylduaðstæðum, fylgiröskunum og fleiri þáttum. Í bæði MPR og HR eru batahorfur betri ef einkenni komu fyrst fram á unglingsaldri en á barnsaldri. Ef félagslegar og fjárhagslegar aðstæður fjölskyldu barns eru góðar þá eru batahorfur betri en ella. Batahorfur eru einnig betri ef fáar fylgiraskanir eru til staðar. Þá hefur upphafstími meðferðar áhrif á batahorfur. Því fyrr sem meðferð hefst því viðráðanlegri getur hegðun barns orðið.